

Fundur svæðisráðs mánudaginn 14. des. 2015, haldinn í síma, kl. 17.00

Mætt: Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Heiða Guðmundsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Hákon Gunnarsson, Þórður Ólafsson og Orri Páll Jóhannsson sem ritar fundargerð. Forföll boðaði Erla Ívarsdóttir.

Samkvæmt fundarboði var eitt atriði til umræðu á fundinum auk annarra mála.

1. Drög að rekstrar- og framkvæmdaáætlunum fyrir árið 2016

Þórður kynnti drög að rekstraráætlun næsta árs. Vinna við hana er aðeins fyrr á ferðinni í ár en undanfarin ár. Ekki er um endanlegt plagg að ræða þar sem stjórn á eftir að samþykkja rekstraráætlunina. Svæðisráð fékk skýringar á einstaka liðum. Þórður vakti athygli á lítilsháttar hækkun á launaliði milli ára sem skýrist helst af samningsbundnum launahækkunum. Þessu til viðbótar koma 3,3 milljónir króna í hlut vestursvæðis af 16 milljóna króna sérstöku framlagi vegna landvörslu á árinu 2016. Inni í þeirri tölu er allur kostnaður við landvörsluna; laun og launatengd gjöld, kostnaður vegna húsnæðis og ökutækja sem og annar kostnaður tengdur rekstri landvörslu.

Ólafía benti á mikilvægi þess að kostnaði við rekstur Skaftárstofu sé haldið aðgreindum frá kostnaði við aðrar starfsstöðvar á vestursvæði í rekstraráætlun. Þórður taldi kostnað við Skaftárstofu vera um 10 milljónir króna þessa sex mánuði sem stofan er opin á ári (apríl – október). Svæðisráðið fær upplýsingar um endanlegt uppgjör ársins 2015 vegna Skaftárstofu þegar það liggur fyrir.

Orri Páll kynnti drög að framkvæmdaáætlun næsta árs. Svæðisráð hefur engar athugasemdir við drögin og telur áætlunina gott yfirlit yfir þær framkvæmdir sem þörf er að ráðast í á næsta ári. Stjórn samþykkir endanlega forgangsröðun stærri verkefna. Þórður benti á að skv. fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarpi næsta árs sé gert ráð fyrir 75 milljónum króna á árinu 2016 vegna byggingu gestastofu á Kirkjubæjarklaustri. Er það helmingur þess fjármagns sem lagt hafði verið upp með af hálfu umhverfis- og auðlindaráðherra (150 milljónir króna á ári 2016-2018). Engu að síður er stefnt að opnun geststofunnar árið 2018. Þá skýrist það í upphafi næsta árs hvaða framkvæmdaverkefni fá úthlutun úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Gerð er krafa um 50% mótframlag þjóðgarðsins og ljóst að þjóðgarðurinn verður að forgangsraða verkefnum m.t.t. úthlutunarinnar þegar hún liggur fyrir.

2. Önnur mál

Heiða Guðný verður í leyfi frá formannsstörfum í febrúar og mars á næsta ári. Varaformaðurinn, Ásta Berghildur, tekur sæti hennar í stjórn Þjóðgarðsins á meðan.

Heiða Guðný greindi frá því að hún hefði sent þingmönnum Suðurlands dæmisbréf í desember sl. hvar hún vakti athygli á nauðsyn þess að auka fjárframlög til Þjóðgarðsins vegna landvörslu, þá sérstaklega vegna heilsársöfnunar Skaftárstofu og mannaðrar viðveru í Hrauneyjum frá maí og út október ár hvert. Svæðisráðsformenn á norður- og austursvæði sendu samhljóða bréf á þingmenn Norðausturlands dæmis.

Fundi slitið kl. 18.10